

Mál nr. 427/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Lausafjártrygging.

### Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. nóvember 2025 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 5. desember 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. desember 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. janúar 2026.
5. Viðbótargögn frá M dags. 30. janúar 2026.
6. Bréf V dags. 3. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt af V lausafjártryggingu með sérstakri áritun um að innifalin sé líftrygging vegna nauðsins X. Hinn 12. nóvember 2024 hafi M fundið nautið dautt. Hafi hann þá leitað til V en V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að vottorð dýralæknis staðfesti ekki að X hafi dáið af völdum slyss eða sjúkdóms en umrædd váttrygging taki aðeins til þeirra dánarorsaka. Það váttryggingafélag sem M hafi áður verið í viðskiptum við hafi hins vegar staðfest við M að það hefði greitt út bætur án frekari athugasemda. Mikill kostnaður hefði verið samfara því að flytja hræ X til krufningar og hafi M ekki verið tilbúinn að leggja í þá framkvæmd án staðfestingar frá V um að sá kostnaður fengist greiddur. Slík staðfesting hafi ekki fengist né hafi V farið fram á krufningu.

Fyrirliggjandi er vottorð dýralæknisins Y, dags. 12. nóvember 2024, þar sem staðfest er að X hafi fundist skyndilega dautt úti í mýri og hafi það legið á kviðnum með afturfætturna aftur fyrir sig. Engin sár né áverka hafi verið að sjá á X sem hafi verið í þokkalegum holdum og með finan feld. Engin ummerki hafi þá verið um að X hafi verið að berjast um. Virðist X því hafi drepist af óútskýranlegum ástæðum. Telji Y þá að X hafi dáið „á sl. 4-5 dögum.“

Í bréfi V kemur fram að viðkomandi váttrygging taki til þess ef hinn váttryggði nautgripur, þ.e. X, deyr af völdum sjúkdóms eða slyss og sé áritun þess efnis á váttryggingarskírteini. Hinn 19. nóvember 2024 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að dauði af óútskýranlegum ástæðum falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar. Hafi V í kjölfar þess borist annað vottorð frá Y, dags. 26. nóvember 2024, þar sem segi að Y staðfesti að X hafi dáið vegna slyss þar sem það fannst fast milli þúfna og hafi því orðið afvelta. Fyrra vottorð Y hafi þá verið skrifað í þeim tilgangi að staðfesta að enginn, hvorki M né annar, hafi unnið X mein. Y staðfesti því að X hafi hvorki dáið af mannavöldum né krónískum sjúkdómum enda hafi ástand þess ekki gefið slíkt til kynna. Afstaða V sé sú að ekki sé unnt að byggja niðurstöðu á þessu síðara vottorði enda sé það gefið út í kjölfar höfnunar á bótaskyldu og hafi að geyma allt aðra lýsingu en fyrra vottorð Y. Sé seinna vottorðið þá ekki stutt neinum frekari gögnum svo sem myndum eða rannsóknum. Sé því að mati V ósannað að dauði X verði rakinn til sjúkdóms eða slyss og þess utan leiki vafi á því hvort dauða þess hafi borið að fyrir gildistöku váttryggingarinnar 1. nóvember 2024.

Að endingu byggir V á því að gögn málsins bendi til þess að málskot hafi ekki borist nefndinni fyrr en 2. desember 2025 og þar sem V hafi hafnað kröfu M 19. nóvember 2024 hafi málskotsfrestur þá verið liðinn, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Sé hugsanlegur bótaréttur því fallinn niður.

Í viðbótarathugasemdum sem Y skrifar fyrir hönd M kemur m.a. fram að þar sem krufning hafi ekki verið framkvæmd, en V hafi ekki farið fram á hana, hafi ekki verið mögulegt að úrskurða um nákvæma dánarorsök X. Mótmælir Y þá þeirri afstöðu V að hún hafi verið tvisaga í vottorðum sínum. X hafi fundist skorðað milli þúfna og engin áverkamerki á því. Þó hafi blætt lítillaga úr kjafti þess en ómögulegt sé að segja til um orsök þeirrar blæðingar án frekari rannsókna. Y hafi staðfest að ekki hafi verið um langvarandi veikindi að ræða né hafi áverki valdið dauða X. Síðara vottorðið hafi þá verið sent til að útskýra ofangreint, þ.e. að slyss hafi orsakað dauða X sem hafi orðið afvelta. Slyss, þ.e. eitthvað

sem borið hafi brátt að, sé eina hugsanlega dánarorsök X, enda ekki um langvarandi veikindi að ræða. Geti hafa verið um að ræða bakteríusýkingu, höfuðhögg, blóðtappa, heilagúlp eða rof á bláæð þó ekki verði fullyrt um orsökina þar sem krufning og frekari rannsókn hafi ekki farið fram.

Í viðbótarathugasemdum V er lýst þeirri afstöðu að í viðbótarathugasemdum Y sé álit V um að dánarorsök sé ósönnuð í raun staðfest. Sé þá um ákveðna mótsögn að ræða þar sem þau atriði sem Y telji upp sem mögulega dánarorsök séu ekki slysatilvik. Ýmis atvik sem ekki teljist til sjúkdóma eða slysa geti hafa dregið X til dauða, svo sem eitrun eða vatnsskortur. M beri sönnunarbyrði þess að tjón hans falli undir gildissvið váttryggingarinnar, þ.e. að dauða X sé að rekja til sjúkdóms eða slyss. M verði því að bera hallann af því að sönnun þess hafi ekki tekist.

Við meðferð málsins óskaði nefndin eftir ljósmyndum af X og bárust þær hinn 30. janúar 2026.

### Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga getur váttryggður, þ.e. M, glatað rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingafélag hafnar kröfu hans. Fyrir liggur að V hafnaði kröfu M 19. nóvember 2024 og byggir V á því að móttökudagur málskots M hafi verið 2. desember 2025 og umræddur frestur þar af leiðandi liðinn er málskotið barst nefndinni. Rétt er að geta þess að á málskot M eru skráðar tvær dagsetningar af hálfu nefndarinnar, annars vegar 2. desember 2025 og hins vegar 18. nóvember 2025, en þá hafi málið borist með tölvupósti. Í 1. mgr. 8. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kemur fram að málskotsaðili teljist ekki hafa krafist meðferðar fyrir nefndinni í skilningi 2. mgr. 51. gr. laga váttryggingarsamninga fyrr en að greiddu málskotsgjaldi en það skuli greitt samhliða málskoti. Er það því mat nefndarinnar að rétt sé að miða við dagsetningu greiðslu málskotsgjalds við mat á því hvort umræddur málskotsfrestur sé liðinn. Í þessu tilviki liggur fyrir að greiðsla málskotsgjalds átti sér stað 18. nóvember 2025 og var málskotsfrestur því ekki liðinn er M skaut málinu til nefndarinnar. Verður ágreiningur þessa máls því tekinn til efnislegrar afgreiðslu.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í váttryggingarétti hvílir það á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og það að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Í fyrirliggjandi váttryggingarskírteini segir að innifalið í váttryggingunni sé ef hinn váttryggði nautgripur, þ.e. X, deyr „af völdum sjúkdóms eða slyss“. Það hvílir því á M að sýna fram á að dauða X megi rekja til sjúkdóms eða slyss.

Í upphaflegu vottorði Y, en efnisatriði vottorða hennar eru nánar rakin í atvikalýsingu, er ekki fullyrt um dánarorsök heldur segir að X „virðist hafa drepist af óútskýranlegum ástæðum.“ Í síðara vottorði Y var staðfest að X hefði „drepist vegna slyss“, en ekki af mannavöldum eða krónískum sjúkdómum. Í viðbótarathugasemdum sem Y setur fram fyrir hönd M kemur fram að slyss sé eina mögulega orsök, en þó kemur fram að ekki sé hægt að tilgreina nánar um orsök þess að X fannst dautt milli þúfna.

Þó fallast verði á það að slyss eða sjúkdómur sé líklegasta dánarorsök X má ráða af fyrrgreindum gögnum að dánarorsök þess sé í raun ósönnuð. Y útilokar aðeins ákveðnar orsakir, þ.e. langvarandi sjúkdóma og dauða af mannavöldum, en kemur ekki fram með afdráttarlausar ályktanir um það hvað hafi valdið dauða X. Verður þá ekki talið útilokað að dauða þess megi rekja til annarra atvika en sjúkdóms eða slyss svo sem V byggir á.

Samkvæmt framangreindu hefur M því ekki tekist að sýna fram á að tjón hans, þ.e. dauði X, verði rakið til tjónsatvika sem falla undir gildissvið umræddrar váttryggingar. Af því verður hann að bera hallann og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

### Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr lausafjártryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir